



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 4. fundar
(1. fundur skólaárið 2010-2011)
fimmtudaginn 11. nóvember 2010 kl. 15:00.

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari
Viktoría Gilsdóttir, kennari
Anna Laufey Þórhallsdóttir, ritari
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi
Kristín Ingadóttir, foreldri
Níels Adolf Guðmundsson, foreldri
Unnur Agnes Níelsdóttir, nemandi
Anna Dóra Aldísardóttir, nemandi; varamaður Sturlu Einarssonar

Fundarritari var: Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari

Margrét setti fundinn og bauð nýja fulltrúa í skólanefnd velkomna í hópinn, þau Kristínu, Níels, Unni og Önnu Dóru. Anna Dóra sat fundinn sem varamaður í forföllum Sturlu Einarssonar .

1. Farið var yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla og fjallað sérstaklega um hver verkefni þess eru.

Undir þessum lið upplýsti Margrét eftirfarandi:

- Að unnið væri að endurskoðun á skólanámskrá Tjarnarskóla. Fyrirhugað er að ljúka þeirri vinnu næsta sumar.
- Að starfsáætlun yfirstandandi skólaárs væri aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Að varðandi öryggismál þá væri búið væri að fastsetja brunaæfingu sem yrði fljótlega.
- Að skólaráð sé skipað til tveggja ára í senn og að gott væri að skipta ekki öllum fulltrúum út á sama tíma þannig að alltaf væri einhver með reynslu (bæði Kristín og Níels munu eiga börn hér áfram).

Einnig fór Margrét stuttlega yfir það sem tekið var fyrir á fyrri fundum (3) skólaráðsins.

2. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2010-2011

Ákveðið var að hafa fjóra skólaráðsfundi á skólaárinu og þar af einn fyrirlestra- og/eða hugarflæðifund.

1. Fundur (þessi fundur); endurskoðun skólareglna.
2. Janúarfundur; endurskoðun skólareglna lokið og undirbúningur fyrir febrúarfund sem er hugsaður sem „opinn fundur“.
3. Febrúarfundur „opinn fundur“.
4. Starfsáætlun 2011- 2012.

Síðasti hugarflæðifundur gekk mjög vel. Á þeim fundi komu margar tillögur og margar þeirra hafa þegar verið nýttar. Hér má nefna atriði sem hafa þegar orðið að veruleika eftir umræddan fund: Að efla myndlistarkennslu, halda áfram með öflugna leiklistariðkun, fyrirkomulag á tölvunotkun í frímínútum, Mæðragarðurinn er nú orðinn að grenndarskógi, Hljómskálagarðurinn hefur verið nýttur betur; bæði til útikennslu og útiveru, „pabbadagar“ urðu að veruleika og Náttúrulífsskólinn hefur verið nýttur fyrir nemendur (í síðasta mánuði unnu nemendur stærðfræðitengt verkefni). Allt eru þetta atriði sem tillögur voru um á fundinum góða.

Skólareglur Tjarnarskóla teknar fyrir á fundinum. Þær eru miðaðar við 30. gr. úr grunnskólalögum. Ný reglugerð kynnt, 7.gr. IV kafli – skólareglur og hlutverk þeirra. Skólareglur Tjarnarskóla eru aðgengilegar í starfsáætlun skólans.

3. Skólareglur Tjarnarskóla; endurskoðun.

Fundarmenn fengu fylgiskjal um þann hluta grunnskólalaga sem segir sérstaklega frá skólareglum og hvert hlutverk þeirra eigi að vera. Einnig gafst fundarmönnum tækifæri á að sjá „Drög að reglugerð um skólareglur og hltverk þeirra; *Samning skólareglna og innleiðing.*“ ,

Farið var yfir þær reglur sem hafa gilt óbreyttar allt frá fyrsta starfsári Tjarnarskóla 1985 – 1986. Einnig var rætt um óskráðar reglur og gildi þess að skólareglur hafi víðtæka skírskotun og sé vegvísir í skólastarfinu. Fundarmenn voru sammála um að skólareglurnar skyldu vera áfram á þeim nótum fremur en að hafa þær í upptalningastíl með boðum og bönnum, heldur vísa til almennrar skynsemi og að skólinn er vinnustaður þar sem við virðum hvert annað.

Rætt um viðbrögð skólans þegar skólareglur eru brotnar og þann feril sem mál fara í þegar svo ber við. Í starfsáætlun skólans, sem er á heimasíðunni, er greint frá þessum viðbrögðum.

Tillaga kom um að hafa regluna um reykingar aðeins víðari t.d. með vísan í vímuefni og einnig að bæta inn í um gott/hollt nesti.

Í tengslum við þetta var nokkuð rætt um heilbriggt lífni og góðan nætursvefn.

Spurt var hvernig tekið væri á því ef nemandi reykti á skólatíma (eða yrði uppvís af því). Einnig kom upp umræða um einelti. Margrét upplýsti að í lok 1. annar var lögð fyrir könnun meðal nemenda um hvort þeir hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Sambærileg könnun verður lögð fyrir í lok 3. annar (mars). Niðurstöður verða kynntar innan skamms.

Ákveðið að skólastjóri og kennarar færu yfir skólareglurnar og kæmu með tillögur um orðalag á næsta fund skólaráðsins (í janúar).

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir rétt rúmlega klukkustund.

HJV

Fylgiskjöl á fundinum:
Dagskrá 4. fundar.
Reglugerð um skólaráð við grunnskóla.
Texti úr drögum að reglugerð um skólareglur og hlutverk þeirra.
Skólareglur Tjarnarskóla.